

Föstudaginn 1. júní 1979.

Nr. 100/1979. Shell Chemicals U.K. Ltd.

gegn

Nesplasti h/f.

Askorunarmál. Stefna. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús P. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, sbr. 14. gr. laga nr. 97/1978, skotið hinni kærðu dómsathöfn til Hæstaréttar með kæru 15. maí 1979, sem barst Hæstarétti 23. s. m. Krefst hann þess, að ákvörðun héraðsdómara um frávisun málsins frá héraðsdómi verði úr gildi felld og lagt verði fyrir hann að leggja efnisdóm á málið. Hann krefst og kærumálaskostnaðar.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Mál þetta var höfðað af sóknaraðilja sem askorunarmál með utanréttarstefnu, útgefinni 21. mars 1979, birtri 9. apríl s. á., til heimtu skuldar að fjárhæð 6.845.58 bandarískir dollarar ásamt 13% ársvöxtum af 4.297.00 dollurum frá 11. júlí 1977 til 4. janúar 1978, af 8.494.90 dollurum frá þeim degi til 2. febrúar 1979, en af 6.845.58 dollurum frá þeim degi til greiðsludags, 5.800 króna í afsagnar- og stimpil-kostnað svo og málskostnaðar.

Í stefnu gerði sóknaraðili svofellða grein fyrir málavöxtum og réttarsambandi aðilja:

„Skuld þessi er skv. 2 eigin víxlum (sole bill of exchange) að fjárhæð U. S. dollars 4.297.00 og 4.197.00, báðum útgefn-um af stefnda Guðmundi f. h. Nesplasts h.f. til stefnanda með gjalddögum 11. júlí 1977 og 4. janúar 1978. Víxlarnir eru með greiðslustað í Reykjavík. Báðir víxlarnir hafa verið afsagðir á heimilisfangi stefnda.

Þann 02.02 var stefndi kreditfærður af stefnanda fyrir U. S. dollars 4.539.72, en þar af gengu U. S. dollars 2.890.40 til greiðslu á víxli, sem ekki er krafinn í máli þessu. Eftir-

stöðvar kreditfærslunnar U. S. dollars 1.649.32 eru viðurkenndir sem greiðsla inn á kröfu þessa, og eru stefnukröfur í samræmi við það“.

Er málið var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 17. apríl sl., var ekki sótt þing af hendi stefnda.

Hinn 3. maí sl. var málinu vísað frá bæjarþinginu með svofelldri áritun Þórhildar Línadal, fulltrúa yfirborgardómara, á stefnuna:

„Á framlögðum víxlum, dskj. nr. 2 og 3, er greiðslustaður þeirra einungis tilgreindur sem Reykjavík. Heimilisfang stefnda er á Neskaupstað, en samkvæmt framansögðu ber að líta svo á, að þar sé einnig greiðslustaður nefndra víxla, sbr. og 2. gr., 3. mgr., laga nr. 93 frá 1933. Heimild brestur því til að höfða mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, sbr. 73. gr. laga nr. 85 frá 1936 og 82. gr., 3. mgr., sömu laga. Verður því að vísa máli þessu frá dómi ex officio.

Málskostnaður fellur niður“.

Við athugun á víxlum þeim, sem sóknaraðili skírskotar til í stefnu og lagðir hafa verið fram í málinu, kemur eftirfarandi í ljós:

Í báðum víxlunum segir, að greiða beri þá í Reykjavík. Er sá staður þar með út af fyrir sig nægilega tilgreindur greiðslustaður samkvæmt 5. tl. 1. gr. laga nr. 93/1933. Hins vegar er lýsing skjala þessara, sem eru grundvöllur máls-sóknar sóknaraðilja, að ýmsu leyti röng og ónákvæm í áskorunarstefnunni. Þannig er það ekki rétt hermt, sem þar segir, að báðir víxlarnir séu gefnir út af Guðmundi Magnússyni f. h. Nesplasts h/f, því að ekki er ritað nafn neins útgefanda á annað skjalið. Er því lýsing skjalsins að þessu leyti röng auk þess sem vöntun á nafni útgefanda veldur því, að skjalið er ekki í lögmætu víxilformi, sbr. 8. tl. 1. greinar og 1. mgr. 2. greinar laga nr. 93/1933. Varð krafa sóknaraðilja að því er skjal þetta varðar því eigi heimt sem víxilkrafa samkvæmt 1. gr. laga nr. 97/1978. Þá er það einnig rangt, sem segir í stefnunni, að um sé að ræða skuld samkvæmt eigin víxlum, þar sem bæði skjölin eru rituð sem víxlar á hendur öðrum manni, sbr. 1. gr. víxillaga, en ekki sem eigin víxlar

samkvæmt 75. gr. laganna. Loks er í stefnunni hvorki getið útgáfustaðar né útgáfudags skjalanna, nafns greiðanda né afsagnardags, svo sem rétt var, einkum þar sem um var að ræða áskorunarmál, sbr. 4. tl. 2. gr. laga nr. 97/1978.

Þar sem slíkir gallar voru á málatalbúnaði sóknaraðilja, sem að framan greinir, en varnaraðili sótti ekki þing, var héraðsdómara rétt að vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi, sbr. 12. gr. laga nr. 97/1978 og 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936. Verður hin kærða dómsathöfn því staðfest að niðurstöðu til.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hin kærða dómsathöfn á að vera óröskuð.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 5. júní 1979.

Nr. 159/1978. Friðrik Guðmundsson

(Jón E. Ragnarsson hrl.)

gegn

Sérhúsgögnum Inga og Péturs

(Ingi Garðar Einarsson).

Áskorunarmál. Stef nubirting. Ömerking. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 25. september 1978. Krefst hann þess, að málinu verði vísað frá héraðsdómi og að stefnda verði dæmt að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt vottorði stefnuvotta um birtingu héraðsdómsstefnu var hún birt á heimili áfrýjanda fyrir honum sjálf-